

---

## Minnisblað

Dagsetning: 15. október 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Guðmundur Ingi Guðbrandsson heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 2010085

### **Efni: Minnisblað sóttvarnalæknis varðandi tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum þ. 20. október 2020 vegna COVID-19.**

---

Þann 5. október sl. var gripið til ýmissa opinberra takmarkana á landsvísu að tillögu sóttvarnalæknis til að sporna við hraðri útbreiðslu COVID-19 hér á landi. Þann 6. október voru ýmsar aðgerðir hertar á höfuðborgarsvæðinu því sýnt þótti að COVID-19 faraldurinn væri í hröðum vexti á því svæði.

Á þeim tíma sem liðinn er frá því að gripið var til ofangreindra aðgerða, hefur daglegur fjöldi tilfella verið á bilinu 50-100 á dag og skýrist breytileikinn að mestu leyti af fjölda daglegra sýna. Þannig er faraldurinn nú í línulegum vexti en ekki í veldisvexti, líklega vegna þeirra opinberu aðgerða sem eru í gangi.

Líklegt má telja að nokkuð lengri tíma en 1-2 vikur muni þurfa til að sjá árangur af þeim aðgerðum sem nú er verið að beita þar sem að veiran hefur náð að hreiðra um sig víða í samfélaginu. Að auki tel ég líklegt að hægt muni ganga að ná faraldrinum niður að þessu sinni þrátt fyrir þær hörðu aðgerðir sem nú eru í gangi. Að mínu mati þarf því íslenskt samfélag að búa sig undir að hér verði smit í þjóðfélaginu næstu mánuðina og líklegt að á einhverjum tímamarkum þurfi að beita hörðum aðgerðum til koma í veg fyrir stóra faraldra. Þetta ástand verður að líkindum viðvarandi þar til virkt og öruggt bóluefni verður tilbúið til notkunar sem verður líklega einhvern tíma á næsta ári.

Á þessum tímamarki tel ég ráðlegt að halda þeim takmörkum sem gripið var til þ. 5. og 6. október sl. óbreyttum næstu 2-3 vikurnar frá 20. október n.k. með möguleika á endurskoðun ef áhættumat breytist. Ég vænti þess að þegar við förum að sjá faraldurinn ganga niður verði hægt að slaka á þeim aðgerðum sem nú eru í gangi. Samkvæmt fyrri reynslu og leiðbeiningum alþjóða stofnana þarf þó að fara með gát í öllum tilslökunum.

Í tillögum mínum núna legg ég til heldur harðari aðgerðir á höfuðborgarsvæðinu umfram aðgerðir utan höfuðborgarsvæðisins

Mínar tillögur til um aðgerðir eftir 19. október n.k. eru eftirfarandi:

#### **I. Takmarkanir utan höfuðborgarsvæðisins:**

*Rökstuðningur: Þó að faraldurinn sem nú er í gangi sé í mestum vexti á höfuðborgarsvæðinu þá eru tilfelli einnig að greinast í öllum landshlutum. Því er mikilvægt að beita aðgerðum á þessum svæðum núna til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu og langdregnari faraldur.*

## 1. Gildissvið.

Aðgerðirnar taki gildi 20. október 2020 og gildi í 2-3 vikur. Stöðugt endurmat verði í gangi á þessum tíma.

## 2. Fjöldatakmörk/samkomubann.

Með fjöldatakmörkum/samkomubanni er átt við eftirfarandi:

- *Ráðstefnur, málþing, fundir o.þ.h.*
- *Skemmtanir, s.s. tónleika, leiksýningar, bíósýningar, íþróttaviðburði og einkasamkvæmi.*
- *Kirkjuathafnir hvers konar, s.s. útfarir, giftingar, fermingar og aðrar trúarsamkomur.*
- *Veitingastaði, mötuneyti, kaffihús og verslanir.*
- *Vinnustaði*

Hámarksfjöldi einstaklinga í sama rými verði 20 einstaklingar. Tryggt verði að blöndun einstaklinga verði ekki á milli hólfra hvorki í inngangi/útgangi, salernisaðstöðu, veitingasölu eða annari þjónustu og að fyllstu sóttvarnaráðstafana sé gætt. Börn fædd 2005 og síðar teljast ekki með.

Ofangreind fjöldatakmörk taka þó hvorki til alþjóðaflugvalla og -hafna né til farþegaferja innanlands eða skipa og loftfara í millilanda- eða innanlandsferðum

Viðbragðsaðilar s.s. lögregla, slökkvilið, björgunarsveitir og heilbrigðisstarfsfólk verði undanþegið fjöldatakmörkum við störf sín

Matvöruverslunum undir 1.000 m<sup>2</sup> að stærð verði heimilt að hleypa inn 100 einstaklingum en til viðbótar, einum viðskiptavinum fyrir hverja 10 m<sup>2</sup> umfram 1.000 m<sup>2</sup>, þó að hámarki 200 viðskiptavinum í allt.

Við kirkjulegar útfarir verði leyfilegur hámarksfjöldi 50 einstaklingar en í erfidrykkjum verði hámarksfjöldi 20 einstaklingar.

Þar sem að ekki verður hægt að tryggja nálægðartakmörk (tveir metrar), verði skylt að nota andlitsgrímur.

*Rökstuðningur: Smithætta af völdum SARS-CoV-2 eykst í mikilli nánd við smitaðan einstakling og líkur á að smitaður einstaklingur sé í næsta nágrenni eykst í hlutfalli við fjölda einstaklinga. Því þarf að lágmarka áhættuna með því að tryggja nálægðartakmörk og að einstaklingar umgangist eins fáa og mögulegt er.*

## 3. Nálægðartakmörk.

Nálægðartakmörk verði tveir metrar. Skilgreint verði að rekstaraðilum verði skylt að tryggja tveggja metra nálægðartakmörk á milli einstaklinga „sem ekki eru í nánnum tengslum“. Einstaklingar verði áfram hvattir til að viðhafa tveggja metra nálægðartakmörk eins og hægt er, sérstaklega í samskiptum við ótengda/óskylda aðila. Þar sem að ekki er hægt að viðhafa nálægðartakmörk verði skylt að nota andlitsgrímu.

*Rökstuðningur: Eins metra fjarlægð frá smituðum einstaklingi minnkar líkur á smiti fimmfalt en tveggja metra fjarlægð minnkar líkurnar tífalt. Því þykir mér rétt að taka aftur upp tveggja metra nándartakmörk og að þau gildi á landsvísu.*

#### 4. Skólar, æskulýðsstarf og fræðslustarfsemi.

##### i. Leik- og grunnskólar.

Engar hömlur gildi hjá börnum sem fædd eru 2005 og síðar heldur einungis hjá eldri einstaklingum. Um þá einstaklinga gildi 20 manna fjöldatakmörk og tveggja metra nálægðartakmörk. Lögð verði áhersla á einstaklingsbundnar smitvarnir eins og kostur er. Sama gildir um æskulýðsstarf, íþróttir og tómstundir leik- og grunnskólabarna.

Einungis keppni í íþróttum barna á leik- og grunnskólaaldri verði ekki heimil en íþróttastarf a.ö.l. leyft.

*Rökstuðningur: Smit frá börnum er ólíklegra heldur en smit frá fullorðnum þegar um er að ræða COVID-19. Reynsla okkar af faraldrinum fyrr í vetur og rannsóknarniðurstöður sýna einmitt þetta. Mikilvægt er að skólastarf barna sé sem mest til að viðhalda sem mest stöðugleika í daglegu lífi barna. Mikilvægt er að foreldrar og sérstaklega þeir sem eru í framlínustörfum, geti haldið fullri atvinnuþátttöku en fyrirsjáanlegt er að ef skólum væri lokað þá myndu foreldrar þurfa að dvelja heima frá vinnu. Þetta myndi valda verulegri skerðingu á þjónustu t.d. í heilbrigðiskerfinu.*

##### ii. Framhalds- og háskólar.

Þrjátíu manna fjöldatakmörk gildi og tveggja metra nálægðartakmörk. Sameiginlegir snertifletir verði sótthreinsaðir a.m.k. einu sinni á dag. Mikil áhersla verði lögð á einstaklingsbundnar smitvarnir.

Í þeim tilfellum sem hvorki verður hægt að bjóða upp á fjarkennslu né tveggja metra nálægðartakmörk, verði notkun á andlitsgrímum gerð að skyldu.

Tveggja metra nálægðartakmörk gildi einnig í ökunámi og flugnámi.

*Rökstuðningur: Vegna smithættu frá fullorðnum einstaklingum þá er mikilvægt að tryggja allar smitvarnir í framhalds- og háskólum. Þrjátíu manna fjöldatakmörk eiga að tryggja betur framkvæmd staðkennslu.*

#### 5. Sundstaðir og líkamsræktarstöðvar.

Líkamsræktarstöðvar verði lokaðar. Líkamsrækt sem krefst snertingar eða mikillar nálægðar verði bönnuð innan- sem utandyra.

Sameiginlegi snertifletir verði sótthreinsaðir a.m.k. einu sinni á dag.

Sundstöðum verði leyft að hafa opið en tryggt verði að gestafjöldi sé aldrei meiri en 50% af leyfilegum hámarksfjölda gesta samkvæmt starfsleyfi. Sé hámarksfjöldi gesta ekki skráður í starfsleyfi skal miða gestafjölda við 50% þess fjölda sem fataskiptarými gerir ráð fyrir. Börn fædd árið 2005 og síðar eru ekki talin með í gestafjölda.

*Rökstuðningur: Á undanförnum dögum og vikum hafa tugir/hundruðir smita verið rakin til ýmissa líkamsræktarstöðva. Áhættan á smiti í sundlaugum er talsvert minni. Því þykir rétt að takmarka hópamyndun í líkamsrækt þar til tök nást á faraldrinum.*

## 6. Íþróttastarf.

- Íþróttir, inni og úti, með snertingu verði leyfðar með hámarksfjölda 50 þátttakenda að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
  - Sér sambönd ÍSÍ geri reglur um framkvæmd æfinga og keppni í sínum greinum.
  - Reglurnar verði unnar í samvinnu við ÍSÍ sem leitar sérfræðiráðgjafar hjá sóttvarnalækni.
  - Tveggja metra nálægðartakmörk verði virt í búningaklefum og öðrum svæðum utan keppni og æfinga skv. reglum hvers sérsambands ÍSÍ
  - Áhorfendur verði ekki leyfðir.
  - Keppnisáhöld verði sótthreinsuð milli notenda eins og kostur er og samkvæmt reglum hvers sérsambands ÍSÍ.
- Öll íþróttaiðkun sem ekki eru innan ÍSÍ undirgangist sömu takmarkanir og sambærilegar íþróttir innan ÍSÍ ss. crossfit og jóga.

*Rökstuðningur: Vegna mikils fræðslustarfs innan íþróttahreyfingarinnar er áhætta á smiti milli keppenda talin vera lítil. Því ætti að leyfa íþróttastarf utan höfuðborgarsvæðisins þar sem útbreiðsla COVID-19 er talsvert minni en innan höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt er að sömu reglur gildi fyrir allar íþróttir hvort sem að þær eru innan ÍSÍ eða utan.*

## 7. Sviðslistir.

Snerting milli leikenda/flytjenda verði leyfðar.

Við viðburði þar sem allir sitja verði gerð krafa um númeruð sæti og nafn gesta verði skráð. Heimilt verði að hafa 20 manns í hólf. Skytt verði að áhorfendur noti andlitsgrímur.

*Rökstuðningur: Óhætt á að vera að gefa leikendum/flytjendum undanþágu frá nálægðartakmörkum. Hins vegar þarf að tryggja að áhorfendur fari eftir ítrustu sýkingavörnum.*

## 8. Skemmti-, vínveitingastaðir, krár og spilasalir.

Krár, skemmtistaðir og spilasalir verði lokaðir. Veitingahúsum verði leyft að hafa opið til kl. 23:00 en gætt verði að 20 manna fjöldatakmörkum og tveggja metra nálægðarmörkum.

Ekki er þörf á lokun spilakassa á veitingastöðum en tryggja þarf að sameiginlegir snertifletir verði sótthreinsaðir milli notenda.

Tryggja skal góð loftgæði og stilla hávaða í hof því ef fólk þarf að tala hátt getur það leitt til munnvatnsúða mengunar í andrúmslofti þar sem loftræsting er ekki fullnægjandi.

Sameiginlegir snertifletir verði sótthreinsaðir milli einstaklinga.

*Rökstuðningur: Stórar hópsýkingar hafa verið raktar til kráa og skemmtistaða á undanförunum vikum og eru þessar hópsýkingar nú uppistaðan í þeim faraldri sem nú*

geisar. Því er mikilvægt að halda þessum stöðum lokuðum þar til tók hafa náðst á faraldrinum. Minni hætta er talin stafa af starfsemi veitingahúsa þar sem að kröfur eru gerðar um fjöldatakmörk og nálægðartakmörk. Spilakassar í sjálfu sér eru ekki taldir vera uppspretta sýkinga ef fullnægjandi sótthreinsun hefur verið viðhöfð. Hóþamyndun í spilasölum getur hins vegar aukið líkur á smiti.

#### 9. Vinnustaðir, bílar (vinnuflokkar og leigubílar), verslanir, opinberar byggingar og þjónusta.

Þessir staðir skipuleggi starfsemi sína í samræmi við ofangreint og tryggi að ekki séu fleiri en 20 einstaklingar í sama rými og að í minni rýmum séu ekki fleiri en svo að hægt sé að tryggja tveggja metra fjarlægð milli einstaklinga.

- Þjóða skal starfsmönnum fjarvinnu eins og kostur er.
- Þar sem ekki er hægt að þjóða fjarvinnu eða tryggja tveggja metra nálægðartakmörk fyrir starfsmenn er skylt að andlitsgrímur verði notaðar.
- Tryggja skal góð loftgæði og stilla hávaða í hóf því ef fólk þarf að tala hátt getur það leitt til munnvatnsúðamengunar í andrúmslofti þar sem loftræsting er ekki fullnægjandi.
- Tryggður verði aðgangur að handsótthreinsi fyrir almenning og starfsmenn við innganga og í grennd við yfirborð sem margir snerta s.s. snertiskjái, afgreiðslukassa og innkaupakerrur.
- Sinnt verði þrifum og sótthreinsun yfirborða sem margir snerta eins oft og unnt er.
- Almennungur og starfsmenn verði minntir á einstaklingssóttvarnir með merkingum og skiltum.
- Matvöruverslunum undir 1.000 m<sup>2</sup> að stærð verði heimilt að hleypa 100 einstaklingum í sama rými á hverjum tíma. Til viðbótar verði leyft að hleypa einum viðskiptavini inn fyrir hverja 10 m<sup>2</sup> umfram 1.000 m<sup>2</sup>, þó að hámarki 200 viðskiptavinum í allt.
- Þar sem að ekki verður hægt að tryggja nálægðartakmörk (tveir metrar) verði skylt að nota andlitsgrímur.

*Rökstuðningur: Tryggja þarf lágmarkssmithættu við allar aðstæður þar sem fólk hópast saman.*

#### 10. Söfn og aðrir opinberir staðir tryggi að farið sé eftir 20 manna fjöldatakmörkum, bil milli ótengdra aðila sé yfir tvo metra. Að öðrum kosti verði skylt að bera andlitsgrímur.

*Rökstuðningur: Tryggja þarf lágmarkssmithættu við allar aðstæður þar sem fólk hópast saman.*

#### 11. Við starfsemi sem eðlis síns vegna krefst meiri nálægðar en tveggja metra svo sem innan heilbrigðisþjónustunnar, á hárgreiðslustofum, nuddstofum og í almenningssamgöngum, skal nota andlitsgrímu sem hylur nef og munn þar sem tveggja metra fjarlægð milli einstaklinga verður ekki viðkomið eða loftgæði eru ekki góð. Andlitsgrímur sem notaðar eru utan heilbrigðisþjónustunnar skulu uppfylla

kröfur sem fram koma í vinnustofusamþykkt evrópsku staðlasamtakanna (CEN). Sóttvarnalæknir getur sett nánari leiðbeiningar um kröfur til andlitsgríma. Leitast skal við að bæði viðskiptavinur og þjónustuaðili noti grímur samtímis eins og hægt er.

*Rökstuðningur: Tryggja þarf lágmarks smithættu við starfsemi sem felur í sér mikla nánd milli ótengdra aðila.*

## **II. Takmarkanir á höfuðborgarsvæðinu**

Lagðar eru til eftirfarandi aðgerðir á höfuðborgarsvæðinu sérstaklega sem skilgreint er sem umdæmi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu:

*Rökstuðningur: Sá faraldur sem nú geisar á upptök sín á höfuðborgarsvæðinu og þar eru enn sem komið er flest tilfelli að greinast. Því er mikilvægt og nauðsynlegt að beita harðari aðgerðum þar en á öðrum svæðum á landinu.*

### **1. Gildissvið.**

Aðgerðirnar taki gildi 20. október 2020 og gildi í 2-3 vikur með möguleika á endurskoðun ef áhættumat breytist.

Stöðugt endurmat verði í gangi á þessum tíma.

### **2. Ferðatakmarkanir.**

Almenningur verði hvattur til að halda sig sem mest heima. Einstaklingar verði hvattir til að ferðast ekki að nauðsynjalausum til og frá höfuðborgarsvæðinu.

*Rökstuðningur: Þar sem að uppspretta faraldursins sem nú er í gangi er á höfuðborgarsvæðinu og hann í mestum vexti þar, er rétt að vara fólk við ónauðsynlegum ferðum til og frá höfuðborgarsvæðinu. Ekki er ástæða til að setja á ferðatakmarkanir.*

### **3. Fjöldatakmörk/samkomubann.**

Með fjöldatakmörkum/samkomubanni er átt við eftirfarandi:

- Ráðstefnur, málþing, fundir o.þ.h.
- Skemmtanir, s.s. tónleika, leiksýningar, bíósýningar, íþróttaviðburði og einkasamkvæmi.
- Kirkjuathafnir hvers konar, s.s. útfarir, giftingar, fermingar og aðrar trúarsamkomur.
- Veitingastaði, mötuneyti, kaffihús og verslanir.
- Vinnustaði

Hámarksfjöldi einstaklinga í sama rými verði 20 einstaklingar. Tryggt verði að blöndun einstaklinga verði ekki á milli hólfra hvorki í inngangi/útgangi, salernisaðstöðu, veitingasölu eða annari þjónustu og að fyllstu sóttvarnaráðstafana sé gætt. Börn fædd 2005 og síðar teljast ekki með.

Ofangreind fjöldatakmörk taka þó hvorki til alþjóðaflugvalla og -hafna né til farþegaferja innanlands eða skipa og loftfara í millilanda- eða innanlandsferðum

Viðbragðsaðilar s.s. lögregla, slökkvilið, björgunarsveitir og heilbrigðisstarfsfólk er undanþegið fjöldatakmörkum við störf sín

Matvöruverslunum undir 1.000 m<sup>2</sup> að stærð verði heimilt að hleypa inn 100 einstaklingum en til viðbótar, einum viðskiptavinum fyrir hverja 10 m<sup>2</sup> umfram 1.000 m<sup>2</sup>, þó að hámarki 200 viðskiptavinum í allt.

Við kirkjulegar útfarir verði leyfilegur hámarksfjöldi 50 einstaklingar en í erfidrykkjum verði hámarksfjöldinn 20 einstaklingar.

Þar sem að ekki verður hægt að tryggja nálægðartakmörk (tveir metrar) verði skylt að nota andlitsgrímur.

*Rökstuðningur: Þessi tilmæli eru óbreytt frá tilmælum er eiga við svæði utan höfuðborgarsvæðisins.*

#### 4. Nálægðartakmörk.

Nálægðartakmörk verði tveir metrar. Skilgreint verði að rekstaraðilum verði skylt að tryggja tveggja metra nálægðartakmörk á milli einstaklinga „sem ekki eru í nánum tengslum“. Einstaklingar verði áfram hvattir til að viðhafa tveggja metra nálægðartakmörk eins og hægt er, sérstaklega í samskiptum við ótengda/óskylda aðila. Þar sem að ekki er hægt að viðhafa nálægðartakmörk, verði skylt að nota andlitsgrímu.

*Rökstuðningur: Þessi tilmæli eru óbreytt frá tilmælum er eiga við svæði utan höfuðborgarsvæðisins. Nú er lagt til að tveggja metra nálægðartakmörk gildi á landsvísu.*

#### 5. Skólar, æskulýðsstarf og fræðslustarfsemi.

##### i. Leik- og grunnskólar.

Engar hömlur gildi hjá börnum sem fædd eru 2005 og síðar heldur einungis hjá eldri einstaklingum. Um eldri einstaklinga gildir 20 manna hámarksreglan og tveggja metra nálægðartakmörk. Lögð verði áhersla á einstaklingsbundnar smitvarnir eins og kostur er. Sama gildi um æskulýðsstarf og tólmstundir leik- og grunnskólabarna. Íþróttastarf barna og skólasund verði ekki heimilt.

*Rökstuðningur: Þar sem að faraldurinn er útbreiddur á höfuðborgarsvæðinu og ekki hefur tekist að ná á hann böndum er rétt að beita harðari aðgerðum þar en annars staðar á landinu. Þó að börn séu ólíklegri til að smita aðra en fullorðnir þá er hætta á smitdreifingu fyrir hendi. Börn í íþróttastarfi safnast saman úr mismunandi skólum og geta þannig stuðlað að smita víða á höfuðborgarsvæðinu. Því er rétt að takmarka þessa hópamyndun á meðan verið er að ná böndum á faraldurinn.*

##### ii. Framhalds- og háskólar.

Þrjátíu manna fjöldatakmörk gildi og tveggja metra nálægðartakmörk. Sótthreinsun sameiginlegra snertiflata verði gerð a.m.k. einu sinni á dag. Mikil áhersla verði lögð á einstaklingsbundnar smitvarnir.

Þar sem að hvorki verður hægt að bjóða upp á fjarkennslu né tveggja metra nálægðartakmörk, verði notkun á andlitsgrímum gerð að skyldu.

Í ökunámi og flugnámi skuli tryggja tveggja metra nálægðarreglu.

*Rökstuðningur: Þessar leiðbeiningar eru óbreyttar frá leiðbeiningum til þeirra sem búa á svæðum utan höfuðborgarsvæðisins.*

## 6. Sundstaðir og líkamsræktarstöðvar.

Líkamsræktarstöðvum og sambærilegri starfsemi, og sundstöðum verði lokað.

*Rökstuðningur: Líkamsræktarstöðvar og hópamyndun er tengist líkamsrækt hefur verið orsök margra tilfella sem greinst hafa að undanfögnu. Þó að áhætta á smiti á sundstöðum sé að líkindum minni en við aðra líkamsrækt þá þykir rétt að stöðva hópamyndun í sundi á höfuðborgarsvæðinu á meðan að verið er að ná tökum á faraldrinum.*

## 7. Íþróttastarf.

- Æfingar og keppni í íþróttum inni sem úti hjá börnum og fullorðnum sem krefst snertingar verði ekki heimilar.
- Íþróttaiðkun án snertingar verði leyfð að hámarki 20 í hópi án áhorfenda. Tveggja metra reglan skuli virt.
- Sameiginlegir snertifletir í íþróttum verði sótthreinsaðir á milli keppenda.
- Öll íþróttaiðkun sem ekki eru innan ÍSÍ undirgangist sömu takmarkanir og sambærilegar íþróttir innan ÍSÍ ss. crossfit og jóga

*Rökstuðningur: Á meðan að verið er að ná utan um núverandi faraldur á höfuðborgarsvæðinu er rétt að stöðva alla hópamyndun bæði hjá börnum og fullorðnum. Hins vegar er lítil áhætta á smiti á milli einstaklinga í íþróttum þar sem engin snerting eða nánd er til staðar.*

## 8. Sviðslistir.

Snerting milli leikenda og flytjenda verði leyfðar.

Við viðburði þar sem allir sitja verði gerð krafa um númeruð sæti og nafn gesta verði skráð. Heimilt verði að hafa 20 manns í hólfi. Skylt verði að áhorfendur noti andlitsgrímur.

*Rökstuðningur: Þessi tilmæli eru óbreytt frá tilmælum til einstaklinga utan höfuðborgarsvæðisins.*

## 9. Skemmti-, vínveitingastaðir, krár og spilasalir.

Krár, skemmtistaðir og spilasalir verði lokaðir. Veitingahúsum verði leyft að hafa opið til kl. 21:00 en gætt verði að 20 manna fjöldatakmörkum og tveggja metra nálægðarmörkum.

Ekki er þörf á lokun spilakassa á veitingastöðum en tryggja þarf að sameiginlegir snertifletir verði sótthreinsaðir milli einstaklinga.



Tryggja skal góð loftgæði og stilla hávaða í hóf því ef fólk þarf að tala hátt getur það leitt til munnvatnsúða mengunar í andrúmslofti þar sem loftræsting er ekki fullnægjandi.

Sameiginlegir snertifletir verði sóttthreinsaðir milli einstaklinga.

*Rökstuðningur: til að minnka líkur á smiti á veitingastöðum er lagt til að opnunartími verði stytur umfram opnunartíma utan höfuðborgarsvæðisins. Annars eru tillögurnar óbreyttar frá tillögum utan höfuðborgarsvæðisins.*

#### 10. **Vinnustaðir, bílar (vinnuflokkar og leigubílar), verslanir, opinberar byggingar og þjónusta.**

Þessir staðir skipuleggi starfsemi sína í samræmi við ofangreint og tryggi að ekki séu fleiri en 20 einstaklingar í sama rými og að í minni rýmum séu ekki fleiri en svo að hægt sé að tryggja tveggja metra fjarlægð milli einstaklinga.

- Starfsmenn verði hvattir til fjarvinnu eins og kostur er.
- Þar sem ekki er hægt að bjóða fjarvinnu eða tryggja tveggja metra nálægðartakmörk fyrir starfsmenn er skylt að nota andlitsgrímur.
- Tryggja skal góð loftgæði og stilla hávaða í hóf því ef fólk þarf að tala hátt getur það leitt til munnvatnsúðamengunar í andrúmslofti þar sem loftræsting er ekki fullnægjandi.
- Tryggður verði aðgangur að handsóttthreinsi fyrir almenning og starfsmenn við innganga og í grennd við yfirborð sem margir snerta s.s. snertiskjái, afgreiðslukassa og innkaupakerrur.
- Sinnt verði þrifum og sóttthreinsun yfirborða sem margir snerta eins oft og unnt er.
- Almenningur og starfsmenn verði minntir á einstaklingssóttvarnir með merkingum og skiltum.
- Verslunum undir 1.000 m<sup>2</sup> að stærð verði heimilt að hleypa 100 einstaklingum í sama rými á hverjum tíma. Til viðbótar verði leyft að hleypa einum viðskiptavinum inn fyrir hverja 10 m<sup>2</sup> umfram 1.000 m<sup>2</sup>, þó að hámarki 200 viðskiptavinum í allt.
- Ef ekki verði hægt að tryggja nálægðartakmörk (sjá lið 4) þá verði viðskiptavinum skylt að bera andlitsgrímur.

*Rökstuðningur: Tillögurnar eru óbreyttar frá tillögum utan höfuðborgarsvæðisins.*

#### 11. **Söfn og aðrir opinberir staðir** tryggi að farið sé farið eftir 20 manna fjöldatakmörkum og að bil milli ótengdra aðila sé yfir tveir metrar. Að öðrum kosti verði skylt að bera andlitsgrímur.

*Rökstuðningur; tillögurnar eru óbreyttar frá tillögunum utan höfuðborgarsvæðisins.*

#### 12. Starfsemi sem eðlis síns vegna krefst meiri nálægðar en tveggja metra og smithætta er til staðar s.s. hárgreiðslustofur, snyrtistofur, nuddstofur, sólbaðsstofur og önnur slík starfsemi verði ekki heimil. Starfsemi innan heilbrigðisþjónustunnar verði undanþegin en skylt verði að nota andlitsgrímur. Andlitsgrímur skulu uppfylla kröfur

sem fram koma í vinnustofusamþykkt evrópsku staðlasamtakanna (CEN). Sóttvarnalæknir getur sett nánari leiðbeiningar um kröfur til andlitsgríma.

*Rökstuðningur: Vegna útbreidds faraldur á höfuðborgarsvæðinu er rétt að stöðva starfsemi sem felur í sér mikla nánd milli einstaklinga nema þá þeirrar sem þykir lífsnauðsynleg. Þessi tillaga verði endurskoðuð í ljósi breytts áhættumats á faraldrinum.*

Ég er tilbúinn að ræða frekari útfærslur á ofangreindum tillögum sem og nánari hugmyndir.